

V/ Ósk um breytingar á áætluðum framkvæmdatíma - til Axel R. Överby Sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs

Til : Bygg <bygg@isafjordur.is>
Frá : Aðalsteinn Egill Traustason <adalsteinn@fisherman.is>
Heiti : V/ Ósk um breytingar á áætluðum framkvæmdatíma - til Axel R. Överby Sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs
Málsnúmer : 2019120040
Málsaðili : Fisherman ehf.
Skráð dags : 12.12.2023 12:05:45
Höfundur : Aðalsteinn Egill Traustason <adalsteinn@fisherman.is>

You don't often get email from adalsteinn@fisherman.is. [Learn why this is important](#)

Sæll Axel,

Þann 24. apríl 2020, gerðu Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Fisherman ehf., kt. 611105-0960, Brekkustíg 7, Suðureyri með sér samning um afnot þess síðarnefnda af landi við Brjótinn á Suðureyri, nefnt Iðnaðar- og athafnasvæði B20 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Með viðauka dags. 30.júní 2022 um framangreindan samning voru staðfest aðilaskipti að samningnum þannig að Hafnarstaðir ehf., kt. 570203-3980, Eyrargötu 7, 430 Suðureyri tók við öllum réttindum og skyldum Fisherman.

Með viðaukanum dags. 30.júní 2022 voru einnig gerðar breytingar á framangreindum samningi þannig að áætlaður framkvæmdatími var skilgreindur með eftirfarandi hætti:

Áætlað er að framkvæmdir fari fram sem hér segir:

- a. *Framkvæmdir við 1. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2023 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2026.*
- b. *Framkvæmdir við 2. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2026 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2031.*
- c. *Framkvæmdir við 3. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2031 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2036.*

Með pósti þessum er formlega óskað eftir að framangreindum a-lið viðaukans verði breytt með eftirfarandi hætti:

- a. *Framkvæmdir við 1. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. september 2024 og vera lokið eigi síðar en 30. september 2026.*

Áætlaður framkvæmdatími skv. b. og c. lið verða áfram óbreyttir.

Fh.Hafnarstaða ehf.
Aðalsteinn Egill Traustason
framkvæmdastjóri
S. 855-0278